



Þingnefnd 11 – Útflutningur – ímynd Íslands

Þingnefndartillaga

Til að efla útflutning þarf gera eftirfarandi:

Auka þarf styrki til markaðssetningar erlendis

Stuðningur við uppbyggingu markaðstarfs á erlendum mörkuðum skiptir sköpum til að tryggja vöxt og framgang hátækni- og sprotafyrirtækja. Kostnaður við markaðssetningu erlendis er stórlega vanmetinn. Í dag fá fyrirtæki styrki til tækniþróunar en styrkir til markaðssetningar eru takmarkaðir. Eftir hrunið hefur kostnaður við markaðssetningu erlendis tvöfaldast. Þetta kemur hvað harðast niður á þeim fyrirtækjum sem eru að hefja sölu og markaðssetningu erlendis þar eð erlendar tekjur eru ekki farnar að skila sér.

Auka þarf styrki til markaðssetningar. Fé sem varið er til að hjálpa fyrirtækjum að koma vöru sinni á markað er fljótt að skila sér til baka í auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Efla þarf og straumlínulaga stuðning við fyrirtæki sem sækja á erlenda markaði

Íslensk hátækni- og sprotafyrirtæki eru yfirleitt tæknilega sterk en skortir oft þekkingu og reynslu í markaðssetningu og sölu á erlendum mörkuðum.

Í dag eru til staðar nokkur góð verkefni sem aðstoða fyrirtækin að taka fyrstu skrefin í markaðssetningu erlendis. Mikilvægt er að efla þessi verkefni enda hafa mörg þeirra skilað góðum árangri s.s. Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH) sem er verkefni á vegum Útflutningsráðs. Auka þarf tengsl þessara verkefna við erlenda (eða innlenda) aðila með þekkingu og reynslu á þessu sviði til að auðvelda sprotafyrirtækjum að byggja upp öflugt og árangursríkt sölu og markaðsstarf á stórum mörkuðum erlendis.

Við þurfum að efla, straumlínulaga og samræma þau verkefni sem fyrir eru og nýta fjármagn og þekkingu á sem bestan hátt fyrirtækjunum og landi til heilla.

Aukin aðstoð utanríkisráðuneytis til sprotafyrirtækja

Hátækni- og srotapiing leggur til að utanríkisráðuneyti og Sendiráð Íslands komi með markvissari hætti að aðstoð við útflutningsfyrirtæki sem eru að hefja markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Sendiráðin geta aðstoðað fyrirtæki við að koma á fundum, bjóða starfs- og fundaaðstöðu og hjálp við að ná tengslum við hagsmunaaðila á erlendum mörkuðum. Sendiráðin eru oft á tíðum í góðri stöðu til að veita fyrirtækjunum aðstoð við markaðsgreiningu fyrir einstakar vörur eða geira auk þess að miðla staðarþekkingu um efnahagslíf og fyrirtæki.

Ímynd Íslands – Byggja þarf upp ímynd þekkingar, nýsköpunar og hreinnar orku

Hátækni- og srotapiing leggur til að stjórnvöld, stuðningsumhverfið og fyrirtækin í landinu vinni saman að heildstæðri stefnu sem miðar að því að byggja upp ímynd Íslands sem uppsprettu nýsköpunar, þekkingar og hreinnar orku. Saman getum við byggt upp ímynd Íslands og þar með sjálfsmynd þjóðarinnar. Heiðarleg viðskipti, gróska og sköpun eru gildi sem við viljum standa fyrir í orði sem og á borði. Áhersla á þekkingu og nýsköpun í verki styrkir sjálfsmynd okkar Íslendinga sem um leið smitar út í samskiptum og skilaboðum okkar til annarra þjóða.